

66. kirkjuþing 2024-2025

34. mál - þskj. 34b

Nefndarálit og þingsályktun

við skýrslu nefndar um kosti þess og galla

að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og kosningu biskups.

Frá allsherjarnefnd.

Frsm. Ólafur Gestur Rafnsson.

Kirkjuþing þakkar fyrir framkomna skýrslu um kosti þess og galla að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og kosningu biskups.

Kirkjuþing tekur undir með höfundum skýrslunnar um mikilvægi þess að auka lýðræði í starfsreglum um kjör til kirkjuþings, biskups Íslands og vígslubiskupa.

Þingsályktun:

Kirkjuþing ályktar að tekin verði skref í átt að auknu lýðræði og jafnræði með breytingum á starfsreglum um kjör til kirkjuþings og um kjör til biskups Íslands og vígslubiskupa fyrir næstu kosningar.

Kirkjuþing ályktar að samtímis verði fundin leið til þess að framfylgja þeirri stefnu sem kirkjuþing hefur þegar samþykkt, að tryggja ungu fólki fullgilda setu á kirkjuþingi.

Hafnarfirði, 17. maí 2025.

Allsherjarnefnd.

Auður Thorberg, formaður.

Axel Árnason Njarðvík.

Áslaug Kristjánsdóttir.

Benjamín Hrafn Böðvarsson.

Hjörleifur Þórarinnsson.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Ólafur Gestur Rafnsson.

Rúnar Vilhjálmsson.

Ríkharður Ibsen.

Stefán Már Gunnlaugsson.

Þuríður Björg Wium Árnadóttir.